

Utanríkismálanefnd Alþingis  
c/o Eyjólfur Konráð Jónsson form.  
Skrifstofa Alþingis  
Templarasundi 5  
150 Reykjavík

Með tilvísan til bréfs dags. þann 12. júní þá sendir Stéttarsamband bænda hér með umsögn um þann þátt samnings um Evrópskt Efnahagssvæði (EES), sem landbúnaðinn varðar sérstaklega.

Þessi samningsgerð er án efna langstærsti og víðamesti samningur sem Ísland hefur tekið þátt í á lýðveldistímanum. Hann snertir fjölmarga þætti þjóðlífsins á einhvern hátt. Erfitt er á þessari stundu að fá yfirsýn yfir öll þau atriði sem gætu snert landbúnaðinn á einhvern hátt með tilkomu samningsins, bæði þar sem útfærsla einstakra atriða liggur ekki fyrir og þau frumvörp til lagabreytinga sem leggja á fram í sambandi við gildistöku samningsins hafa fæst verið kynnt ennþá. Því verður hér einungis stiklað á stóru varðandi afstöðu gagnvart einstökum atriðum samningsins, en Stéttarsamband bænda áskilur sér allan rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi einstök atriði á seinni stigum umræðunnar.

## 1. Stjórnarskráin og EES samningurinn.

Mikil umræða hefur farið fram að undanfögnu um hvort EES samningurinn brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Stéttarsamband bænda ætlar sér ekki þá dul að blanda sér í deilur lögfræðinga um túlkun einstakra atriða á þessu sviði. Það vill hinsvegar leggja áherslu á það sjónarmið sitt að sé yfir höfuð einhver vafi á hvort EES samningurinn brjóti einstök atriði stjórnarskrárinnar, þá eigi að túlka þann vafa stjórnarskránni í vil og breyta henni á þann veg sem nauðsynlegt er talið til að hún falli án vafa að breyttum aðstæðum. Stjórnarskrá lýðveldisins er sá hornsteinn sem samfélagið byggir á og hvorki stjórnvöld eða aðrir mega byggja ákvarðanir í svo stóru máli sem hér um ræðir á umdeildum túlkunum eða vafaatriðum.

## 2. Mállefni landbúnaðarins.

### 2.1. Viðskipti með búvörur.

Hvað varðar mállefni landbúnaðarins almennt þá felur samningurinn sem slíkur ekki í sér afgerandi breytingar á stöðu landbúnaðarins að svo komnu máli. Á hinn bóginn eru í honum atriði sem nauðsynlegt er að fá skýringu á hjá stjórnvöldum hvaða merkingu hafa og að hverju sé stefnt. Hér er um að ræða 2. - 4. tölulið í 18. gr. frumvarpsins sem þannig hljóða:

„2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar sjá um að fram fari endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá.

Í fjórða tölulið er síðan skýrt frá því að stefnt skuli að frekara afnámi hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði að tilteknum ákveðnum skilyrðum."

Hér er kveðið á um að í vændum séu slíkar grundvallarbreytinar í markaðsmálum landbúnaðarafurða að eðlilegt er að fara fram á nánari skýringar á því að hverju sé stefnt.

Er markmiðið að opna alfarið fyrir innflutning búvara til landsins innan tiltölulega skamms tíma?

Um hve langan tíma er verið að ræða?

Hver er afstaða stjórnvalda vaðandi markmið þeirrar endurskoðunar sem á að fara fram á tveggja ára fresti um endurskoðun skilyrða fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Á þessi endurskoðun að ná yfir allar búvörur sem framleiddar eru hérlendis?

Stéttarsamband bænda áskilur sér allan rétt á komandi tímum til frekari umræðu um þessi mál með hliðsjón af framsögðu og óskar eftir svörum þar að lútandi..

### 2.2. Ýmis atriði.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstök atriði sem felast í samningi þessum og varða hagsmuni landbúnaðarins sérstaklega.

Þau eru eftirfarandi:

1. Jöfnunargjöld á innflutning búvara.
2. Fasteignaviðskipti og möguleiki útlendinga til að kaupa upp land og hlunnindi hérlendis.
3. Málefni garðyrkjunnar.

### **2.2.1. Jöfnunargjöld á innflutta búvöru.**

Innflutningur búvara mun aukast í kjölfar sammingsins. Þar er fyrst og fremst um að ræða jógúrt með íblöndunarefnum, smjörliki og jurtaolíur (með smjörfitu á bilinu 10 - 15%) matvæli sem innihalda allt að 20% af kjöti (pasta með eggjafyllingu) og kartöflur í flögum eða malaðar.

Í bókun 3, 2. gr. kemur fram almenna meginreglan um verðjöfnun. Þar er kveðið á um að ekki sé komið í veg fyrir beitingu verðjöfnunar til að taka mið af mismiklum kostnaði við þau hráefni sem notuð eru við framleiðslu varanna.

Í 9. gr. bókunar 3 er tekið til um hámark verðjöfnunarákvæða. Þar er kveðið á um að ekki megi leggja á breytilegt jöfnunargjald sem sé hærra en álagður tollur eða fastagjald á viðkomandi vöru þann 1. jan. 1992.

Ákvæði níundu greinar hefði komið í veg fyrir að Íslendingar hefðu haft möguleika á að leggja á breytilegt jöfnunargjald, þar sem á fyrrgreindar vörur var ekki lagður neinn tollur eða fastagjald þann 1. jan. 1992.

Því kom til undanþáguákvæði sem kemur fram í 5. gr. 1. viðbættis við bókun nr. 3. Þar er kveðið á um að það hámark verðjöfnunarákvæða, sem tekið er fram í 9. gr. bókunar nr. 3. skuli ekki gilda um ákveðna vöruflokka. Síðan er engu að síður tekið fram að:

**„Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við landamærin skal þó aldrei vera hærra en það sem Ísland leggur á við innfluting frá nokkrum sammingsaðila árið 1991“.**

Hér er á ferðinni mál sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir landbúnað hérlendis, og þá sérstaklega mjólkurframleiðsluna. Samkvæmt orðanna hljóðan þá mun ekki vera mögulegt að leggja breytileg jöfnunargjöld á innfluttar mjólkurvörur. Um er að ræða innflutning sem gæti numið allt að 10% af mjólkurframleiðslunni í landinu. Ekki þarf að fjölyrða um hvaða áhrif það hefði á stöði bænda jafnt sem

afurðastöðva. Ekki hefur verið skorið úr ágreiningi um þessi mál enn, hvort megi leggja jöfnunargjöld á innfluttar búvörur eða ekki. Að öllum líkindum fæst ekki endanlegur úrskurður fyrr en hjá EES nefndinni, verði samningurinn staðfestur. Slík vinna tekur áf efa langan tíma og á meðan yrðu mjólkurframleiðendur í óvissu um stöðu greinarinnar. Slík staða er með öllu óviðunandi.

### **2.2.2. Fasteignaviðskipti.**

Á aðalfundum sínum árin 1990 og 1991 varaði Stéttarsamband bænda við því að reglur um eignarhald á landi yrðu rýmkaðar og þess var krafist að tryggt væri að útlendingar næðu ekki eignarhaldi á auðlindum landsins, hvorki til lands eða sjávar. Í nýútkominni greinargerð lögfræðinganna Ólafs W. Stefánssonar, Stefáns M. Stefánssonar og Tryggva Gunnarssonar um EES samninginn og fasteignaviðskipti á Íslandi kemur margt fróðlegt fram um þessi mál. Þeirra skoðun er að viðskipti með fasteignir og land muni aukast hérlendis, eftir tilkomu EES samningsins. Í greinargerð þremmenninganna kemur fram að mjög erfitt verði að mismuna útlendingum og Íslendingum í að eignast land eða hlunnindi hérlendis. Öll mismunun er bönnuð innan EES og er það í raun ein af grunnreglum þess. Því er ekki hægt að krefjast annars af útlendingum en Íslendingum t.d. hvað varðar búsetu á eignarjörðum.

Fullyrt var af hálfu stjórnvalda, þegar Stéttarsamband bænda bar fram spurningar um þessi atriði, að þarna væri ekkert að óttast, einfalt mál væri að hefja margskonar girðingarvinnu að lokinni samningsgerð, sem myndi tryggja það að land, jarðir og hlunnindi lentu ekki í eigu útlendinga. Samkvæmt álitum lögfræðinganna er slík girðingarvinna mjög fjarlæg lausn og virðist vera allsendis óraunhæf.

Rætt hefur verið um að forkaupsréttur sveitarfélaga væri nokkur vörn í þessu sambandi. Það ætti hins vegar að vera hverjum manni ljóst að fjárhag sveitarfélaga er yfirleitt ekki þannig háttað að þau hafi bolmagn til að ganga inn í jarðakaup, enda þótt full rök mæltu með því.

Á það má minna í þessu sambandi að Danir fengu því framgengt við undirbúning Maastricht samkomulagsins að erlendir aðilar innan EB gætu ekki keypt sumarbústaðalönd í Danmörku. Þessi krafa var borin fram og samþykkt vegna þeirrar þróunar sem orðið hafði í Danmörku vegna ásóknar útlendinga í lóðir og lendur.

Á það ber sérstaklega að minna að ýmis önnur EFTA lönd fengu fram mun lengri aðlögunartíma varðandi fasteignaviðskipti, en íslensk stjórnvöld, svo sem Sviss. Þar á ofan eru þessi lönd með sérstaka yfirlýsingu um beitingu öryggisákvæða í þessu sambandi, á meðan við látum okkur nægja almenna og heldur veiklulega yfirlýsingu hvað öryggisákvæðin varðar.

Stéttarsamband bænda lítur þessi mál alvarlegum augum og telur full rök fyrir því að hafa fyllstu aðgát hvað varðar þróun þessara mála í náinni framtíð.


### 2.2.3. Málefni garðyrkjunnar.

Málefni garðyrkjunnar voru nokkuð í umræðunni á síðasta ári í sambandi við EES samninginn. Miðað við upphaflegar hugmyndir um tollfrjálsan innflutning garðyrkjuafurða til landsins, þá náðist heldur betri niðurstaða hvað varðar lokunartímabil á helstu tegundum, miðað við fyrstu hugmyndir um útfærslu "cohisionslistans". Þó eru allar líkur til þess að bein áhrif EES samningsins á blómarækt í landinu geti orðið veruleg. Erfiðara er að segja til um hin óbeinu áhrif á garðyrkjuna í heild sinni. Frjáls og tollalaus innflutningur á ákveðnum tímum ársins hefur tvímælalaust á markaðinn þann tíma ársins sem innlend framleiðsla er á markaðnum. Það er hinsvegar ljóst að ef á að opna í auknum mæli fyrir tollfrjálsan innflutning þessarar framleiðslu eins og annarar, eins og kemur fram í 2. kafla samningsins 18. gr., þá er þessi niðurstaða einungis stundarhlé.

Samband garðyrkjubænda mun skýra nánar afstöðu greinarinnar gagnvart þessum atriðum og styður Stéttarsamband bænda afstöðu þeirra til málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Stéttarsambands bænda

  
Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri